

EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf. Reyðarfjörður (ytra svæði)



Dags eftirlits	2.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Laxar fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Akralind 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450220-1400	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingimarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Bárður Arnaldsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Framkvæmt var fyrsta eftirlit stofnunarinnar með starfsleyfi Laxa fiskeldis til eldis í utanverðum Reyðarfirði.

Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varða staðsetningu eldis og búnaðar við Vattarnes og upplýsingaskyldu rekstraraðila. Ein ábending gerð er varðar tilkynningu um útsetningu, önnur um mat á umhverfisáhrifum og sú þriðja um skil gagna.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Farið var yfir gögn og áætlanir á skrifstofu Laxa fiskeldis á Eskifirði, þann 25. maí sl. samhliða eftirliti stofnunarinnar með 6000 tonna starfsleyfi fyrirtækisins í innanverðum Reyðarfirði. Eftir að seiði voru sett út á eldissvæði rekstraraðila við Vattarnes sl. sumar var farið í skoðunarferð út á svæði þann 2. september sl. Sama dag var einnig farið á athafnasvæði við Mjóeyrarhöfn þar sem samsetning kvía hafði farið fram.

Boðuð dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Útsetningar
- Staðsetning eldissvæða, stöðvarskírteini
- Áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar hafs og stranda sbr. lög 33/2004
- Trygging v. bráðamengunar hafs og stranda
- Vöktunaráætlun og - skýrslur
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Skoðunarferð

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlitsferða og breytingar á milli ára ræddar, sérstaklega er snýr að umhverfisstjórnunarkerfum og þeim kröfum sem stofnunin gerir til umhverfisstjórnunarkerfa.

Rekstraraðili tilkynnti Umhverfisstofnun þann 6. ágúst sl. að eldissvæðið við Vattarnes hefði verið tekið í notkun þann 15. júní sl. Áður hafði rekstraraðili rætt um tímasetningu útsetningar við eftirlitsaðila á gagnafundi í vor. Skv. gr. 3.2 í starfsleyfi skal rekstraraðili tilkynna um hvenær seiði verði sett í kvíar með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Framvegis er þess óskað að tilkynning berist í tölvupósti um áætlaða útsetningu.

Búnaður og eldiskvíar rekstraraðila eru ekki innan þeirra marka sem starfsleyfi setur. Frávik er því skráð þess efnis. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila dags. 8. október sl. voru rekstraraðilar meðvitaðir um það og eru að vinna í að stækka svæði svo þeir starfi skv. ákvæðum starfs- og rekstrarleyfa.

Í 1. mgr. 14. gr laga nr. 7/1998 kveður á um að rekstraraðili skuli upplýsa útgefanda starfsleyfis um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseinnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Í 2. mgr. 40 gr. laga nr. 7/1998 kemur fram að starfsleyfishafi skuli upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verður frá starfsleyfisskilyrðum og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum sé framfylgt eins fljótt og auðið er. Laxar fiskeldi hefur ekki sinnt þessari skyldu sinni hér.

Eftirlitsaðila var ekki tilkynnt um fyrirhugaða breytingu á staðsetningu eldissvæðisins áður en hún var framkvæmd fyrir útsetningu fyrstu kynslóðar svæðisins 2021, né var tilkynnt um hana eftir að seiði höfðu verið sett út. Rekstraraðila ætti að vera að fullu ljóst að breytingu á starfs- og rekstrarleyfum þyrfti til að staðsetning eldissvæðisins væri í samræmi við leyfin en vinna rekstraraðila er snýr að úrbótum hófst ekki fyrr en viðeigandi stofnanir gerðu athugasemdir við staðsetningu eldisins. Því er einnig skráð frávik þess efnis.

Fyrir liggur áhættumat og viðbragðsáætlun v. efna- eða olíumengunar. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. lög nr. 33/2004 er í gildi.

Grunnvöktunarskýrsla v. eldissvæðisins Vattarnes barst stofnuninni 14. október sl.

Úrgangur er flokkaður að mestu. Meltutankur er um borð í fóðurpramma og er notast við maurusýru til að útbúa meltu úr dauðfiski. Sýran kemur í 1000 L tönkum (bömbum) sem eru tengdir við dælu um borð í prammanum og dauðfiskurinn sýrður eftir hökkun. Sýrubambi um borð í fóðurpramma við Vattarnes var í viðeigandi lokuðu skýli sem er merkt varúðarmerkingum.

Farið var í skoðunarferð að athafnasvæði þar sem verktaki hefur unnið við samsetningu kvía fyrir Laxa fiskeldi og Fiskeldi Austfjarða. Samsetningu ársins var lokið og hafði svæðinu verið skilað til Mjóeyrarhafna. Vel var gengið frá og svæðið hreinsað og gerir stofnunin engar athugasemdir vegna umgengni við svæðið.

Við skoðunarferð að kvíum var engan fugl að sjá, en þörungablómi var talsverður og mikið af marglyttu á svæðinu. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila dags. 14. október sl. varð þörungablóminn verri dagana á eftir og varð fjörðurinn rauðbrúnn v. hans, sem olli einhverjum afföllum. Marglyttan hafi þó valdið meiri skaða en blóminn. Svæðið við Vattarnes kom þó ekki jafn illa út m.t.t affalla vegna þessara aðstæðna eins og svæðið við Gripalda, sem tilheyrir innra starfsleyfi rekstraraðila í Reyðarfirði, sem kom hvað verst út af eldissvæðum rekstraraðila.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.2 í starfsleyfi	Eldi rekstraraðila skal staðsett innan marka eldissvæða sem tilgreind eru í viðaukum með starfsleyfi. Bæði sjókvíar og akkeri eru utan þeirra svæða sem tilgreind eru í viðauka fyrir eldissvæðið Vattarnes.
1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Starfsleyfishafi skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið, sem og að upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verður frá starfsleyfisskilyrðum og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana. Fyrirhuguð breyting svæðis var ekki tilkynnt. Frávik vegna þess var ekki tilkynnt né gripið tafarlaust til þeirra ráðstafanna sem þurfti.

ÁBENDINGAR

Stofnunin bendir á að formleg tilkynning um útsetningu skuli berast með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Umhverfisstofnun bendir á að ávallt skuli klára ferli umhverfismats, í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sem og breytingar starfsleyfis áður en rekstraraðili breyti starfsemi sinni í ósamræmi við gildandi leyfi.

Þar sem starfsleyfið var tekið í notkun á árinu bendir stofnunin á að skila skal gögnum og skýrslum v. ársins 2021 fyrir 1. maí nk.

ANNAÐ

Sigríður Kristinsdóttir frá Umhverfisstofnun var viðstödd fund þann 25. maí þar sem farið var yfir gögn og áætlanir.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.11.2021


Hulda Soffía Jónasdóttir

